

Athugasemdir við frumvarp til stjórnarskipunarlaga.

Almennt:

Einu sinni kom maður til stjórnanda og spurði hann hvernig hann vildi hafa stýrikerfi á flóknum búnaði í fyrirtæki hans. Stjórnandi var fljótur að svara, það á að vera þannig að allir í fyrirtækinu kunni á stýrikerfið og skilið hvernig hann virkar, þó ég sé ekki á staðnum!

Þannig þarf það að vera með stjórnarskrár, að þær séu auðskyldar öllum þegnum lýðveldis sem eru læsir og þeir þurfi ekki túlka-sérfræðinga-lögfræðinga eða aðra fagaðila til að útskýra inntak og virkni hennar. Stjórnarskrá má aldrei vera fyrir stjórnsmálaflokka, hún á að vera fyrir alla (einstaklinga og lögaðila líka).

Í frumvarpi til stjórnarskipunarlaga vantar alla myndræna framsetningu á virkni frumvarpsins. Hvernig stýrikerfið virkar, orðskýringar (lýðveldi, þingræðisstjórn, stjórnvald, ríkisvald ...? Er Alþingi ekki stjórnvald, bara löggjafarvald?), þannig á „plaggið“ að geti staðið sjálfstætt, án túlkunar/mistúlkunar stjórnsmálanna eða annarra sérhagsmunahópa?

Af hverju er verið nota skammstafanir í Stjórnarskrá (t.d. 1.gr í stað 1. grein)?

Undirstöður (I. KAFLI) - Athugasemdir

1. og 2. grein: Hvað er þingræðisstjórn? Þarf ekki að umorða 1. og 2. grein, til dæmis:

Ísland er lýðveldi, með eftirfarnandi stjórnvöldum, þar sem þjóðin/ almenningur, kýs fulltrúa til að fara með vald sitt á milli kosninga;

- *alþingi, sem fer með löggjafarvald,*
- *ríkisstjórn (ráðherra) sem fer með framkvæmdavald,*
- *dómsstjórn, sem fer með dómsvald,*
- *forseta, sem fer með forsetavald.*

Það vantar allar þróun í stjórnunar-kerfi frumvarps til aðlögunar að nútíma og framtíð. Drögin eru föst í gömlum og úreltum hefðum. Lög, og þar með stjórnarskrá á að vera skýr og einföld, ekki síst hvernig megin þætti hennar eru og virka. (Ef kosið er til löggjafarvalds og það velur síðan ráðherra, þá fari ráðherrar (ríkisstjórn) af Alþingi. Aldrei er hægt að kjósa til framkvæmdavalds og „restin“ sé svo á þingi?). Það þarf að vera skýr aðskilnaður milli valdhafa stjórnvalds.

Mannréttindi og náttura (II. KAFLI) - Athugasemdir

Almennt um þennan kafla, gildi hið sam og að framan, það er, að skilgreina þarf hugtök? Af hverju þarf að taka fram að kona og karl njóti jafns réttar? Hvað þá með

börn, unglunga, samkynhneigðra, trúðaðra, ríkra? Hvað er reisin? Hvað er barn? Eru fiskar réttþærri en hundar? Stundum er of mikið um sparðatíning að ræða í frumvarpi að stjórnarskrá, en forðast að taka á aðalmálinu: stjórnkerfinu sjálfu?

15. grein: Það á ekki að vera takmörkun á upplýsingum er varðar kaup/tekju/gjöld hins opinbera. Opinberir aðilar, Alþingi, ríkisstjórn(ráðherrar), dómstólar eða forseti eru í vinnu hjá almenningi (lýðveldinu) og eiga að hafa fullan aðgang að öllum upplýsingum til að geta tekið réttar ákvarðanir. Sjá einnig athugasemd við 70. grein.

Hvað er eign? Er eign ápreifanlegir og ápreifanlegir hlutir? Af hverju er ekki sett takmörkun á kvótafrelsi eins og trúfrelsi? Er trú eign eins og kvóti?

Alþingi - (III. KAFLI) - Athugasemdir

37. grein: Miðað við 1. og 2. grein í frumvarpi, þá gengur það aldrei að þeir sem eru kostnir á Alþingi og/eða ríkisstjórn hafi eftirlit með sjálfum sér, það er, að sömu kjörnu fulltrúar sé samtímis bæði á þingi og tengdir öðrum valdsviðum? Því þarf að aðskilja algerlega milli valdahafa.

38. grein: Tímaskekkja að alþingismenn skulu hafa friðhelgi fram yfir aðra valdhafa eða almenning?

39. grein: Við erum ein þjóð, valdhafar eru að fara með vald okkar milli kostninga. Það er skýr mismunun að skipta landi upp í kjördæmi eða hafa mismunun á milli atkvæðavægis kjósenda. Norðfirðingar og Kópavogsbúar eiga að geta kosið hvern sem er hvar sem er á landinu. Lýðræði byggist ekki upp á flókunum stærðfræðiformúlum? Það á ekki að gefa afslátt af stjórnarskrá.

44. grein: Alþingi á að starfa allt árið? Það á að vera vinna að vera á þingi, í ríkisstjórn, í dómsstjórn eða vera forseti, en ekki köllun eða erfir (nýir tímar!).

56. grein: Það á ekki að vera í verkahring ráðherra, dómsvalds, forseta að flytja frumvörp. Þessir aðilar og almenningur geta komið með tillögur að lögum til alþingismanna sem búa lögum, en enginn af þessum valdhöfum á að hafa leyfi til að starfa á tveim valdsviðum, samtímis!

62. grein: Ekki ætti að vera þörf á Lögréttu ef aðskilnaður er alger á milli vald-sviða. Þá verða alþingismenn algerlega ábyrgir fyrir lögum og verða ekki kostnir aftur ef þeir eru ekki hæfir til að sinna því verki. Einhvern tíma verða opinberir embættismenn að

vera ábyrgir. Samkvæmt 100. grein, er það að vera hlutverk dómstóla að skera úr um réttmæti laga!

69. grein: Fjárukalög eiga ekki að vera leyfð. Ráðherrar og önnur stjórnvöld eiga að geta gert áætlanir og komið þeim inn í frumvarp til fjárlaga (68. grein). Það er löngu búíð að þróa þetta vinnulaga erlendis!

70. grein: Fjarlaganefnd Alþingis og aðrar nefndir eiga að geta fengið öll gögn frá framkvæmdvaldi, dómsvaldi forseta án skilyrða, er varðar gjöld, kostnað, tekjur eða skuldbindingar? Það að „fela“, leynd eða birta ekki opinber gögn er löngu liðin tíð! Allar tekjur og gjöld og samningar sem opinberir aðilar gera fyrir almenning (þegna lýðveldisins) eiga vera birtir á opnum vef, þannig að allir þegnar geti fylgst með stjórnvöldum og notið réttlætis, sjá Kafli II.

71. grein: Almennt um skatta og aðra lagasetningu þarf að gilda að einstaklingar og lögaðilar, hafi tíma til að aðlagast sig að lögum, það er, að skattreiðendur hafi eitt(eða tvö?) rekstrarár til að aðlagast sig að nýjum lögum. Eins að kennitölufylling sé bannað?

75. grein: Það á að fara skilyrðislaust eftir niðurstöðu Umboðsmanna (Alþingis, skuldara, almennings, barna) eða sleppa þeim? Af hverju er verið að mæla fyrir slíkum umboðsmönnum! Af hverju eru lög og reglugerðir ekki skýr, þarf ekki að setja lámærks kröfu til lagagerðar Alþingismanna? Þá þarf ekki endalaus álitsgjafa á tvíæðni laga og reglna? Menn eiga að fara með ágeining beint til dómstóla!

Forseti Íslands (IV. KAFLI) - Athugasemdir

Almennt á að gilda, að allir sem kostnir eru til Alþingis-framkvæmdavalds(ráðherra)-dómsvalds-forseta, megi aldrei sitja oftari en tvö kjörtímabil í embætti (valdsviði). Engar undanþágur megi gera á þessu ákvæði (frekar en til herkvaðningar?).

85. grein: Forsetinn á að hafa náðunarvald, óháða ráðherra, til dæmis, ef almenningur fer fram á það eða aðrir. Menn með flekkað mannorð (dæmdir) megi ekki sitja á Alþingi, sem ráðherra, í dómsvaldi eða sem forseti. Ekki er hægt að náða dæmda kjörna valdsmenn, þannig að þeir geti farið með vald almennings.

Ráðherrar og ríkisstjórn (V. KAFLI) - Athugasemdir

88. grein: Samkvæmt skilningi greinarinnar, þá má ráðherra ekki vera alþingismaður og ráðherra samtímis. Alþingismaður og ráðherra eru tvö aðskilin stöf, þannig má ráðherra ekki flytja eða mæla fyrir lögum á þingi?

89. grein: Ráðherrar eiga ekki að vera á Alþingi nema til að svara spurningum sem fyrir þá eru lagaðar á opnum nefndarfundum þings.

90. grein: Tilvist þessarar greinar veltur á hvernig framkvæmd 1. og 2. greinar er háttar, sem ég geri tillögu um. Það eiga engin hagsmunatengsl að vera milli Alþingismanna og ráðherra.

91. grein: Vantraust á ríkisstjórn/ráðherra getur almenningur, Alþingis-menn eða forseti lagt fram fyrir Alþingi, sem Alþingismenn eða almenningur samþykkja

Dómsvald (VI. KAFLI) - Athugasemdir

100. grein: Sjá athugasemd við 62. grein.

101. grein: Það á ekki að vera nein takmörkun á málum sem fara fyrir dómsvald.

102. grein: Af hverju eiga dómara að vera æviráðnir. Dómara geta orðir óhæfir og eins það, að það geta „fæðst“ menn sem eru hæfari en starfandi dómara! Því er nausynlegt að gera könnun/athugun á hvort ekki séu til hæfari dómara en þeir sem fyrir eru, enda hafa dómara gott að fá „samkeppni“ eins og aðrir embættismenn?

104. grein: Ráðherrar eiga ekki að koma að skipan eða rekstri dómara, það á að vera í höndum dómsvalds/forseta (sem eftir er að skýra/skilgreina), að sjá um þennan þátt á faglegum grunni, sem framkvæmdavaldið á ekki að koma nálágt.

Sveitarfélög (VII. KAFLI) - Athugasemdir

Almennt: Setja skal í lög að minnsta eining sveitarfélags sé 2000 íbúðar. Þetta á ekki að vera í höndum sérhagsmunahópa!

Utanríkismál - (VIII. KAFLI) - Athugasemdir

109. grein: Það á að vera í höndum löggjafans hver „stefna“ landsins er í utanríkismálum, en hún á ekki að vera „tímabundin og tilfinningakennd“ stefna, sem menn (ráðherrar/framkvæmdavald) finna upp á. „Stefna“ landsins á að vera á grunni gilda stjórnarskrárinnar sem almenningur hefur samþykkt.

Nokkur lokaorð:

Það er ljóst að taka þarf á því að hrein skil séu á milli valdsviða. Það gengur ekki lengur að „stjórnámálmennt“ þvælist fyrir almenningi í þessum málum. Fá þarf menn sem hafa kjark, þor og framsýni til að taka á þessum málum. Ekki menn sem einungis horfa til hægri og vinstir, eða horfa ekki neitt og eða eru blindir.

Af margra ára reynslu af laga- og reglugerðarkerfi hér á landi, þá þarf að taka faglega á þessum málum fyrir hönd lýðveldisins, almennings, en ekki að lögaðilar og pólitíkusar séu jafnari en almenningur. Spurning er hvort setja þurfi í mannréttinda kaflann að jafnrétti skuli vera milli allra fyrrnefndra aðila?

Læt hér staðar númið að sinni.

Reykjavík 28.11.2011.

Friðrik Ólafsson (240753-2439),
almennur borgari,
Reykjafold 14,
112 - Reykjavík.